



Umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkur

Borgartún 12-14
105 REYKJAVÍK

***Tillaga að úthlutun úr styrktarsjóði fyrir fjöleignarhús til uppsætningar á hleðslustöðvum
fyrir rafbíla***

Samkvæmt 3. mgr., 5. gr. endurskoðaðra reglna um styrki vegna hleðslubúnaðar fyrir rafbíla við fjöleignarhús skal Umhverfis- og skipulagssvið leggja tillögu að styrkúthlutun fyrir umhverfis- og heilbrigðisráð að fengnu samþykki Orkuveitu Reykjavíkur.


Borist hafa meðfylgjandi umsóknir frá Húsfélaginu Fálkagötu 15, styrkupphæð 1.333.894,- kr. og Húsfélaginu Breiðuvík 21, styrkupphæð 1.500.000,- kr.

Umhverfis- og skipulagssvið hefur yfirfarið umsóknirnar og uppfylla þær úthlutunarskilmála sjóðsins. Meðfylgjandi er einnig samþykki Orkuveitu Reykjavíkur fyrir styrkúthlutun. Lagt er til að umhverfis- og heilbrigðisráð samþykki styrkúthlutun til Húsfélagsins Fálkagötu 15 og Húsfélagsins Breiðuvík 21.

Virðingarfullst,

Guðmundur B. Friðriksson

Hjálagt:
Styrkumsókn Húsfélagsins Fálkagötu 15
Styrkumsókn Húsfélagsins Breiðuvík 21
Samþykki OR fyrir styrkúthlutunum Fálkagötu 15 og Breiðuvík 21



BREIÐAVÍK 21

Hleðsluaðstaða

Umsókn um styrk vegna hleðsluaðstöðu

Breidavík



Verknúmer:	20159001	SKÝRSLA NR.:	1	DREIFING:
		ÚTGÁFU NR.:	1	<input type="checkbox"/> OPIN
		DAGS.:	2020-06-25	<input type="checkbox"/> LOKUÐ TIL
		BLAÐSÍÐUR:		<input checked="" type="checkbox"/> HÁÐ LEYFI VERKKAUPA
		UPPLAG:	1	

HEITI SKÝRSLU:

Hleðsluaðstaða við Breiðuvík 21

HÖFUNDAR:

Karl Hjartarson
Þórður Þorsteinsson

VERKEFNISSTJÓRI:

Þórður Þorsteinsson

UNNIÐ FYRIR:

Húsfélagið Breiðuvík 21

UMSJÓN:

Hilmar Jóhannsson

SAMSTARFSAÐILAR:

GERÐ SKÝRSLU/VERKSTIG:

Lýsing á framkvæmd og áætlun

ÚTDRÁTTUR:

LYKILORD ÍSLENSK:

LYKILORD ENSK:

UNDIRSKRIFT VERKEFNISSTJÓRA:

Þórður Þorsteinsson

YFIRFARIÐ AF:

Eiríkur K. Þorbjörnsson

© Geta skal heimilda sé efni skýrslunnar afritað eða birt með einhverjum hætti.



Samantekt

Skýrsla þessi er tekin saman fyrir hönd húsfélagsins að Breiðuvík 21. Haft var samband við Verkís í umboði húsfélagsins og tekna voru fyrir mögulegar lausnir á útfærslu á hleðsluaðstöðu fyrir rafbíla við sameiginlegt bílaplan. Í framhaldi af því fór sérfræðingur Verkís og hitti meðlimi stjórnar húsfélagsins og þar voru útfærslur kynntar.

Þá hófst vinna við að skoða hentugar lagnaleiðir sem og að skoða lausnir varðandi götuskápa og heimtaug. Út frá því var farið í að útbúa kostnaðaráætlun og leita tilboða frá verktökum.

Niðurstaðan var að sækja um styrk að upphæð kr. 1.500.000 þar sem heildar upphæð verksins er nægilega há og styrkjarhæf, ásamt því að húsfélagið uppfyllir öll skilyrði vegna úthlutunar á styrk til verkefnisins.



Efnisyfirlit

Samantekt.....	ii
Efnisyfirlit.....	iii
Töfluskrá	iii
1 Inngangur / Formáli	1
2 Lýsing á framkvæmd	1
3 Fjöldi og staðsetning hleðslustöðva	1
4 Kostnaðaráætlun.....	1
5 Tilboð verktaka	2
6 Upphæð styrks	2
7 Gjaldfærsla fyrir notkun hleðslustöðva	2
8 Samþykki húsfélags	2
Viðaukar.....	2

Töfluskrá

Tafla 1 Kostnaðaráætlun	1
---	----------



1 Inngangur / Formáli

Fyrirhugað er að setja upp hleðsluaðstöðu við fjölbýlishúsið við Breiðuvík 21 í Grafarvogi. Í þessum hluta hússins eru 6 íbúðir sem deila bílastæði.

Á húsfundi þann 20.05.2020 var samþykkt að fara í þessa framkvæmd af húsfélaginu við Breiðuvík 21 og í kjölfar hófst vinna við að undirbúa gögn til umsóknar fyrir styrk frá Reykjarvíkurborg til uppsetningar á hleðslubúnaði.

Hlutverk Verkís er að leggja mat á umfang og gera tillögu að útfærslu verkefnisins og undirbúa styrkumsókn vegna framkvæmdarinnar. Auk þess á Verkís að gera tillögu að staðsetningu alls búnaðar fyrir hleðsluaðstöðuna.

2 Lýsing á framkvæmd

Eins og sýnt er í viðauka 1 er ætlunin að sækja um nýja heimtaug að götuskáp við norðaustur horn bílaplans hússins til að aflfæða hleðslustöðvarnar. Ástæða þess er sú að ekki er nægilegt afl til hleðslu rafbíla á núverandi heimtaug og heimtaugarstrengurinn er of grannur fyrir slíkt viðbótarálag.

Við bílaplaníð verður í upphafi komið fyrir tveimur hleðslustöðvum á staurum, hvorum fyrir sig, mitt á milli tveggja stæða með spennufæðingu frá nýjum götuskáp auk ídráttaröra fyrir möguleika á 4 hleðslustöðvum til viðbótar í framtíðinni.

Götuskápurinn inniheldur stofnvar, mælahólf og varbúnað fyrir hleðslustöðvarnar.

3 Fjöldi og staðsetning hleðslustöðva

Hleðslustöðvarnar verða í byrjun tvær norðan við bílaplan við Breiðuvík 21 (sjá viðauka 1) og þar verða þær staðsettar nærri miðju bílaplansins milli stæða 9 - 10 og 11 – 12, talið frá vinstri á þeim hluta bílastæðisins sem tilheyrir Breiðuvík 21. Gert er ráð fyrir viðbótar tómum ídráttarrörum á lagnaleiðinni fyrir stöðvar sem komið gætu síðar við önnur stæði húss nr. 21.

4 Kostnaðaráætlun

Eins og fram kemur í töflu 1 er heildarkostnaður áætlaður kr. 3.419.090 með vsk. Þar er áætlað að ráðgjafarkostnaður sé allt að kr. 682.000 með vsk., en í því verði er öll hönnun á framkvæmdinni og utanumhald á framkvæmdartíma, þar með talið eftirlit ásamt skilum á öllum gögnum eins og kveðið er á um í reglum varðandi úthlutun styrks.

Tafla 1 Kostnaðaráætlun

SKÝRING	FJÖLDI	VERÐ ÁN VSK [KR]	SAMTALS VERÐ ÁN VSK [KR]	SAMTALS VERÐ MEÐ VSK [KR]
VERKTAKAR VINNA OG EFNI	heild	1.481.951	1.481.951	1.837.620
HEIMTAUG 63A	heild	225.379	225.379	279.470
HLEÐSLUSTÖÐVAR	2 stk	220.000	440.000	545.600
STAURAR	2 stk	80.000	160.000	198.400
RÁÐGJAFAPJÓNUSTA	heild	450.000	450.000	558.000
SAMTALS			2.757.330	3.419.090



5 Tilboð verktaka

Fengin voru tilboð frá þremur verktökum Fagraf, Orkufelli og Raflausnum og hagstæðasta tilboði tekið. Tilboð verktaka hljóðar uppá kr. 1.839.620 með vsk. Tilboð má sjá í viðauka 4.

6 Upphæð styrks

Sótt er um fullan styrk að upphæð kr. 1.500.000 þar sem styrkur nemur minna en 67% af heildarupphæð framkvæmdar og því innan þeirra marka sem reglur kveða á um samkv. 5. gr. úthlutunarreglna.

Umsókn er í viðauka 5

7 Gjaldfærsla fyrir notkun hleðslustöðva

Gjaldfærsla mun fara fram í gegnum greiðslukerfi þeirra hleðslustöðva sem verða fyrir valinu. En þá er notast við notendaðgang sem er tengdur við snjallforrit eða RFID sem notað er til að virkja hleðslustöðina.

Valið stendur milli tveggja tegunda stöðva þar sem greiðslan fer annarsvegar í gegnum greiðslumiðlun og hinsvegar í gegnum gjaldkera húsfélags en í þeiri lausn fær gjaldkeri lista í hverjum mánuði með notkun hvers og eins notanda. Það hefur í för með sér að gjaldkeri verður að margfalda notkun hvers notanda með verði pr. kWh hjá orkusala til að reikna út hversu háá upphæð hver notandi skal greiða í hverjum mánuði.

8 Samþykki húsfélags

Þann 20 maí 2020 var haldin aðalfundur húsfélagsins þar sem meðal annars voru kynntar fyrirhugaðar framkvæmdir vegna hleðsluaðstöðu við Breiðuvík 21. Þar var samþykkt af meirihluta eiganda að ráðast í þessa framkvæmd. Fundargerð má sjá í viðauka 2.

Þá var haldinn fundur þann 18. ágúst þar sem tilboði verktaka var samþykkt sjá viðauka 3

Viðaukar

Viðauki 1 Heimtaugar og tillaga að staðsetningu búnaðar

Viðauki 2 Dagskrá aðalfundar húsfélags og fundargerð


Viðauki 3 Húsfundur vegna tilboða verktaka

Viðauki 4 Tilboð verktaka


Viðauki 5 Umsókn um styrk



Viðauki 1 Heimtaugar og tillaga að staðsetningu búnaðar



Mynd 1 Núverandi heimtaugar



Mynd 2 Tillaga af staðsetningu búnaðar og lagnaleiðir



Viðauki 2 Dagskrá aðalfundar húsfélags og fundargerð

Fundargerð aðalfundar Húsfélags Breiðuvíkur 21, haldinn miðvikudaginn 20. maí 2020 í íbúð 202 kl. 20.00.

Mættir voru: Guðbjörg Gunnarsdóttir, íbúð 301, Hilmar Jóhannsson, íbúð 302, Birgir Sigurðsson, íbúð 303, Karl Jeppesen, íbúð 201, Karl Ágústsson, íbúð 203, Kristján Arnarson og Anna Guðrún Edvardsdóttir, íbúð 202 og Svanhildur Ólafsdóttir, íbúð 101.

1. Skýrsla formanns
2. Ársreikningar lagðir fram af gjaldkera
3. Kosning formanns
4. Kosning annarra stjórnarmanns
5. Rekstrar- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs.
6. Kosning endurskoðanda og varamanns hans
7. Ákvörðun húsgjalda.
8. Önnur mál.

Dagskrá fundarius:

1. Skýrsla stjórnar og unirteður um hana.
Formaður fór yfir skýrslu formanns en hún fylgir með fundargerð þessari.
2. Ársreikningar lagður fram af gjaldkera.
Gjaldkeri fór yfir ársreikning 2019. Fram kom að tekjur sem eru húsfélagsgjöld voru kr. 2.004.956 og gjöldin voru kr. 1.224.463. Staða reiknings í árslok 2019 var 1.855.041, innvectir kr. 23.355 og fjármagnstekjkattur kr. 5.138. Samtals kr. 1.887.258. Staða reiknings þann 19. maí kr. 2.189.500. Ársreikningnum var dreift til allra á fundinum.
3. Kosning formanns og annarra stjórnarmanna
Anna Guðrún Edvardsdóttir var kosinn formaður og Karl Jeppesen var kjörinn gjaldkeri. Meðstjórmendur voru kosnir Guðbjörg og Karl Ágústsson
4. Kosning endurskoðanda og varamanns hans
Svanhildur Ólafsdóttir var kosinn endurskoðandi og Birgir Sigurðsson kjörinn varaendurskoðandi.



5. Umræður um rekstrar- og framkvæmdaáætlun næsta árs.

Komið er að því að skoða lofttúðurnar á þaki, mala þær og athuga þakið. Samþykkt nöf sá aðila til að metta ástandið. Það þarf að mosatæta þegar búið er að slá og munu íbúar á efstu hæð sjá um verkið. Ákveðið var að kaupa cyprus og hafa í stóra kerinu en taka minna kerjö. Svanhildur kaupir cyprusinn og fær aðstoð við að setja hann niður. Ákveðið að fækka þrifskiptunum og hafa einungis tvívar í mánuði í stað fjórum sinnum. Birgir tekur að sér gluggajhvott og fær með sér í lið Óskar, Kalla, Marzin. Ákveðið að merkja hjólin með íbúðanúmeri, þau sem eftir eru verða þá tekin. búið að þessu sem fyrst, sejja miða á hundina og auglýsa það.

Kristján kynnti hugmyndir um rafhleðslustöð við húsið. Styrkur til að setja upp rafhleðslustöð frá Reykjavíkurborg er 67% en aldrei hærra en kr. 1.500.000. Til að fá þennan styrk verður fyrst að leita tilboða og fá það samþykkt hjá borginni áður en hægt sé að fara í framkvæmdir. Samþykkt var að setja upp rafhleðslustöð og ákveðið að leita til verkfræðistofunnar Verkís varðandi tilboðsgerð í rafhleðslustöð en þeir hafa unnið fyrir húsfélög að slíkum tilboðum. Taki þeir verkið að sér munu þeir sjá um allt verkið, þ.m.t. að sækja um styrk til Reykjavíkurborgar. Hilmar ætlað að hafa samband við Verkís og kanna málið.

6. Ákvörðun húsgjalds.

Ákveðið að halda óbreyttum húsgjöldum.

7. Önnur mál.

Enginn önnur mál komu fram

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21.45.

Kristján Arnarson, ritari.



Viðauki 3 Húsfundur vegna tilboða verktaka

Fundargerð Húsfélagsfundar Breiðuvíkur 21, haldinn þriðjudaginn 18. ágúst 2020 í ibúð 202 kl. 20.00. Mættir voru: Guðbjörg Gunnarsdóttir, ibúð 301, Bírgir Sigurðsson, ibúð 303, Karl Jeppesen, ibúð 201, Karl Ágústsson, ibúð 203, Kristján Arnarson og Anna Guðrún Edvardsdóttir, ibúð 202 og Svanhildur Ólafsdóttir, ibúð 101. Hilmar Jóhannsson, ibúð 302 boðaði forföll en veitti Kristjáni Arnarsyni umboð til að fara með atkvæði-sitt.

Dagskrá fundarins:

1. Rafmagnshleðslustöð við Breiðavík 21
2. Sig á stétt við húsið

1. Rafmagnshleðslustöð við Breiðavík 21.

Fram komu tvö tilboð í lagnaskurði, sögun á malbiki og malbikun, uppsetning á skáp og búnaði í hann, rör og strengir, umsókn um heimtaug, tenginar á hleðslustöð og uppsetning á staurum. Tilboð kom frá Orkufell kr. 1.900.595 m.vsk og Fagraf kr. 1.839.620 m.vsk.

Fundurinn samþykkir að taka tilboði lægstbjöðanda og felur Verkis að sækja um styrk til Reykjavíkurborgar vegna framkvæmdarinnar. Tekið skal fram að ekki verður hafist handa við verkefnið fyrir en að vilyrði fyrir styrkveitingu er fengið og þarf húsfundur að samþykkja slikt.

2. Sig á stétt við húsið.

Stétt við húsið hefur sigið og þarf að skoða hvað veldur. Samþykkt að hafa samband við Veitur ohf. til að kanna málid.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20.40.

Anna Guðrún Edvardsdóttir, ritari.



Viðauki 4 Tilboð verktaka

Tilboð		FAGRAF			
Dags:	12.8.2020	FAGRAF			
Verkefni:	Breiðavík heildslustöðvar	FAGRAF			
NR.	HEITI VERKPÁTTAR	EINING	MAGN	EININGARVERÐ	HEILDARVERÐ
4	RAFKERFI				

4.1 Heimtaug

Innfalid i lið 4.1 skal vera umsókn og öll samskipu við dreifiveitu vegna heimtaugar lágspennu, móttaka og tenging við höfuðrafa dreifiskaps og tilkynning veitu til MVS við verklok.

Umsókn um 63A heimtaug, móttaka og tenging.

Heild 1 70.000 kr. 70.000 kr.

4.2 LAGNALEIÐIR RAFKERFA

Innfalid i lið 4.2 skal vera allt efni og öll vinna við skurðgröft og fragang skurða, að- og brottflutningur jarðvegs og efnis til söndunar og fyllingar, fragangur jarðvegs yfirborðs í upprunalegt horf, sögun malbiks og endurlagning. Lagning idrottarröra í jarðvegi með söndun og óryggisborða

4.2.1 Skurðgröftur og sögun malbiks

- Lagnaskurður grafinn og fylitur fullirágenginn m/söndun að strengjum og aðvörunarborða

m 55 9.000 kr. 495.000 kr.

- Sögun á malbiki, fjarlæging og endurmálbikun breidd skurðar 0,5-1m

m 7 19.000 kr. 133.000 kr.

4.2.2 Pipur

Pipur
Pipur í jarðvegi

- Pipur 25-32mm PEH í jörðu

m 210 1.500 kr. 315.000 kr.

- Pipur 50-63mm PEH í jörðu

m 25 2.500 kr. 62.500 kr.

4.3 Lágspennudreifiskápar

Útvegin, deilihönnun og smíði á dreifiskap samkvæmt efnislísta. Innfalid er smíði á götudreifiskap, ísetning rakopéttar mælahalfs og halfa fyrir neðagreindan búnað. Tengingar og fullnaðar fragangur með merkingum



	-Götuskápur með innbyggðu mælahólfí og greinaskáp IP55	heild	1	280.000 kr.	280.000 kr.
4.3.1	Rafbúnaður í lágpennudreifiskáp <i>Innifalið í einingaverði búnaðor skal vera allt efni og öll vinna við uppsetningu tengingar, tauvar, merkingar og annað smáefni.</i>				
	Orkumælir				
	Draga út fyrir orkumæli	stk	1	18.000 kr.	18.000 kr.
	Álagsvarrofar [Neozed]	stk	1	50.000 kr.	50.000 kr.
	- Álagsvarrofar 3x63A [Neozed]	stk	1	50.000 kr.	50.000 kr.
	Lekastraumssjálfvör				
	- Lekastraumssjálfvær 3x32A, 10 kA	stk	2	47.000 kr.	94.000 kr.
	<i>Innifalið í einingaverði ráðtengja skal vera allt efni og öll vinna við uppsetningu og tengingar, skrælun og frágang strengenda, merkingar og annað smáefni.</i>				
	Ráðtengi				
	- Ráðtengi L,N og PE	stk	2	890 kr.	1.780 kr.
	- Ráðtengi L,L	stk	6	890 kr.	5.340 kr.
	Tengitaugar og tengingar innan skápa				
	- Tengitaugar (innifalið í búnaði)				
	- Núll, jarð og straumskinnur (innifalið í búnaði)				
	Merkingar				
	- Merkingar (innifalið í búnaði)				
4.4	Strengir				
	<i>Allir strengir skulu vera RVK afstrengir, Cu finbættir. Innifalið í einingaverði strengja skal vera allt efni, ídráttur og frágangur strengja inn í skápa og við ytribúnað.</i>				
	- Plaststrengur 5x4-6 mm ² ídreginn í jördú	m	55	2.600 kr.	143.000 kr.

4.5 UPPSETNING OG TENGING BÚNAÐAR



*Innifolið í uppsettingu og tengingu
búnaðar skal vera uppsettning og tenging
afl og samskiptastrengja, hulsur skór og
annan smaefni sem til þarf,
spennusetning og aðstoð við uppkeyrslu
hleðslustöðvanna þannig að þær seu
tilbunar til notkunar.*

4.5.1	Tenging á hleðslustöðvum	stk	2	85.000 kr.	170.000 kr.
	Heildarfjárhæð tilboðs				1.837.620 kr.

Athugasemdir	Innifolið í einingarverði er vinna og efni með vsk - ekki innifolið frostálag
--------------	--

Tilboð gildir í 10 daga eftir svar frá Reykjavíkurborg varðandi styrk en þó ekki lengur en í 50 daga frá dagsetningu



Viðauki 5 Umsókn um styrk



Reykjavíkurborg



Orkuveita
Reykjavíkur

Umsókn um styrk til uppsetningar á hleðslubúnaði fyrir rafbíla við fjöleignarhús

Reykjavíkurborg og Orkuveita Reykjavíkur hafa komið á fót sjóði sem ætlað er að styrkja fjöleignarhús í að koma upp hleðslubúnaði fyrir rafbíla. Skilgreindir hafa verið úthlutunarskilmálar fyrir sjóðinn sem má nálgast á eftirfarandi vefsíðu: <https://reykjavik.is/uppbrygging-innvida-fyrir-rafbila>

Eyðublað þetta er ætlað fjöleignarhúsum til að sækja um styrk úr sjóðnum. Skila skal útfylltu umsóknareyðublaði og tilgreindum fylgigögnum með tölvupósti á netfangið rafbilar@reykjavik.is

Umsókn skal skila og fá samþykktá áður en búnaður er keyptur og framkvæmdir hafnar. Þó er heimilt að leita ráðgjafar áður en sótt er um styrk sbr. a-lið 2. gr. framangreindar úthlutunarskilmála

Upplýsingar um húsfélag

Heiti húsfélags: **Breiðavík 21, Húsfélag**

Heimilisfang húsfélags: **Breiðavík 21**

Kennitala húsfélags: **581201-3620**

Reikningur húsfélags sem færa skal styrk inn á: **0101-66-000005**

Lýsing á framkvæmd

Lýsa skal vinnu/ráðgjöf sem sótt er um styrk fyrir, búnaði m.a. fjölda og staðsetningu hleðslustöðva, raflögnum og hvernig gjaldtöku fyrir notkun er háttar¹, fjölda íbúða í húsfélagi sem sækir um styrk, :

Sjá skýrslu Verkís

Hleðslubúnaður sem settur er upp, lagnir og allur frágangur skal uppfylla í öllu kröfur í íslenskri löggjöf til raflagna og -kerfa og frágangs á þeim. Vinna við raflagnir og tengingar skal unnin af löggiltum rafverktaka. Fylgja skal leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar „Hleðsla rafbíla og raflagnir“.

¹ Hleðslustöðvar skulu vera aðgengilegar öllum íbúum húsfélagsins. Þetta krefst bess að hleðslustöðvarnar séu í eigu og umsjón húsfélagsins og hugað sé í upphafi að því hvernig kostnaði er skipt á milli þeirra sem nota hleðsluaðstöðuna



Upphæð styrks sem sótt er um²: **1.500.000**

Upphaf verks: **9/13/20**

Áætluð verklok³: **11/30/20**

Fylgigögn með umsókn

Eftifarandi gögn skulu fylgja umsókn:


- Kostnaðaráætlun
- Tilboð verktaka
- Samþykki húsfélags fyrir breyttri notkun bílastæða

Að loknu verki skal skila afriti af kvittunum fyrir öllum kostnaði sem sótt er um styrk fyrir, yfirlýsingu löggilds rafverktaka um að verki sé lokið og uppfylli allar kröfur þ.m.t. lokatilkynning til Mannvirkjastofnunar, ljósmynd af hleðslustöðvum og er þá greiddur út styrkurinn.

Gerð er krafa um að viðkomandi húsfélag reki hleðsluaðstöðuna í að minnsta þrjú ár frá uppsetningu, að öðrum kosti áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefja húsfélagið um endurgreiðslu styrksins.

² Hámarks styrkupphæð til hvers húsfélags er 1,5 m.kr, ein og hálft milljón króna, þó aldrei meira en sem nemur 67% af heildarkostnaði verksins með virðisauaskatt. Styrkur er greiddur í samræmi við framlagða reikninga.

³ Ljúka skal framkvæmdum innan 6 mánaða frá því umsókn er samþykkt. Sé framkvæmdum ekki lokið innan þess tíma fellur vilyrði um styrk niður og þarf að sækja um að nýju.



RE: Breiðavík 21 umsókn um styrk v / hleðslustöðva rafbíla
Bréf
Málsnúmer: USK2020050007
Bréfalyklar: 5.27 Rafhleðslustöðvar
Eigandi skjals: Guðmundur B. Friðriksson
Staða: Í vinnslu
Dagsetningar:
Búið til: 14.09.2020
Dagsetning skjals: 14.09.2020

Upplýsingar um viðskiptavin:
Netfang: "Jakob Sigurður Friðriksson"
<jakob.sigurdur.fridriksson@or.is>

Skjalalykill Móttökudags.	5.27 Rafhleðslustöðvar 14.09.2020	Málsnúmer Skráð í GoPro	USK2020050007 14.09.2020
------------------------------	--------------------------------------	----------------------------	-----------------------------

Tegund skjals Efnisorð	Bréf	Fyrir Borgarráð
---------------------------	------	-----------------

Sent: Sent til:

Notandi: "Jakob Sigurður Friðriksson" <jakob.sigurdur.fridriksson@or.is>

Dagsetning: 14.9.2020 12:07:51

Til: "Guðmundur Benedikt Friðriksson" <gudmundur.b.fridriksson@reykjavik.is>

Efni: RE: Breiðavík 21 umsókn um styrk v / hleðslustöðva rafbíla

samþykkt.

Kær kveðja / Best Regards,

Jakob Sigurður Friðriksson

Viðskiptaþróunarstjóri / Business Development Manager

Verkefnastofa / Project Management | Stjórnhaettir og stefna / Governance & Strategy

Sími / Tel: +354 516 6100 | Farsími / Mobile: +354 6177720 | Netfang / E-mail:

jakob.sigurdur.fridriksson@or.is

Orkuveita Reykjavíkur / Reykjavík Energy | www.or.is

[IMAGE]

Fyrirvari / Disclaimer: <http://www.or.is/fyrirvaridisclaimer>

From: gudmundur.b.fridriksson@reykjavik.is <gudmundur.b.fridriksson@reykjavik.is>

Sent: mánudagur, 14. september 2020 11:18

To: Jakob Sigurður Friðriksson <jakob.sigurdur.fridriksson@or.is>

Subject: Fw: Breiðavík 21 umsókn um styrk v / hleðslustöðva rafbíla

Sæll Jakob

Sjá meðfylgjandi umsókn húsfélagsins við Breiðuvík 21. Vantar sundurliðun á efni og vinnu vegna vsk. Mér sýnist það hins vegar ekki skipta máli þar sem 67% af heildar summu án vsk. er yfir 1,5 m.kr. og hef því ekki kallað eftir frekari sundurliðun.

Samþykkt?

Kveðja,
Guðmundur

Notandi: "Þórður Þorsteinsson" <tt@verkis.is>

Dagsetning: 2.9.2020 09:51:45

Til: "Rafbílar" <rafbilar@reykjavik.is>, "Guðmundur Benedikt Friðriksson" <guðmundur.b.fridriksson@reykjavik.is>

Efni: Breiðavík 21 umsókn um styrk v / hleðslustöðva rafbíla


Sæll,

Meðfylgjandi er umsókn um styrk fyrir hönd húsfélagsins við Breiðavík 21.

Kveðja,

Þórður Þorsteinsson

Rafmagnstæknifræðingur | Electrical Engineer B.Sc.
+354 422 8363 | 848 9086 | tt@verkis.is



Reykjavíkurborg



Orkuveita
Reykjavíkur

Umsókn um styrk til uppsetningar á hleðslubúnaði fyrir rafbíla við fjöleignarhús

Reykjavíkurborg og Orkuveita Reykjavíkur hafa komið á fót sjóði sem ætlað er að styrkja fjöleignarhús í að koma upp hleðslubúnaði fyrir rafbíla. Skilgreindir hafa verið úthlutunarskilmálar fyrir sjóðinn sem má nálgast á eftirfarandi vefsíðu: <https://reykjavik.is/uppygging-innvida-fyrir-rafbila>

Eyðublað þetta er ætlað fjöleignarhúsum til að sækja um styrk úr sjóðnum. Skila skal útfylltu umsóknareyðublaði og tilgreindum fylgigögnum með tölvupósti á netfangið rafbilar@reykjavik.is

Umsókn skal skila og fá samþykktá áður en búnaður er keyptur og framkvæmdir hafnar. Þó er heimilt að leita ráðgjafar áður en sótt er um styrk sbr. a-lið 2. gr. framangreindar úthlutunarskilmála

Upplýsingar um húsfélag

Heiti húsfélags: **Fálkagata 15, húsfélag**

Heimilisfang húsfélags: **Fálkagata 15**

Kennitala húsfélags: **520789-1549**

Reikningur húsfélags sem færa skal styrk inn á: **515-26-524694**

Lýsing á framkvæmd

Lýsa skal vinnu/ráðgjöf sem sótt er um styrk fyrir, búnaði m.a. fjölda og staðsetningu hleðslustöðva, raflögnum og hvernig gjaldtöku fyrir notkun er háttáð¹, fjölda íbúða í húsfelagi sem sækir um styrk, :

Húsfélag Fálkagötu 15 samþykkti á löglegum fundi þann 10. Júní 2020 að fara út í framkvæmd á uppsetningu hleðslulausna á sameiginlega bílastæði húsfélagsins. Í samþykktu tilboði frá Ísorku liggur fyrir að setja upp grunn fyrir hleðslulausn ásamt 2 hleðslustöðvum. Hver hleðslustöð getur hlaðið 1 bíl í einu. Í tilboðinu er innifalinn búnaður, jarðverktaki, rafverktaki, og efniskostnaður. Hleðslustöðin er eign húsfélagsins og notendur greiða beint fyrir notkun sína í gegnum þjónustu Ísorku. Við upphaf verks er gerður þjónustusamningur við Ísorku um rekstur hleðslustöðva. Aðtalað er að byrja á verki þegar styrkeiting liggur fyrir. Nánari upplýsingar um verkið er í fylgiskjolum.

Hleðslubúnaður sem settur er upp, lagnir og allur frágangur skal uppfylla í öllu kröfur í íslenskri löggjöf til raflagna og -kerfa og frágangs á þeim. Vinna við raflagnir og tengingar skal unnin af löggiltum rafverktaka. Fylgja skal leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar „Hleðsla rafbíla og raflagnir“.

¹ Hleðslustöðvar skulu vera aðgengilegar öllum íbúum húsfélagsins. Þetta krefst þess að hleðslustöðvarnar séu í eigu og umsjón húsfélagsins og hugað sé í upphafi að því hvernig kostnaði er skipt á milli þeirra sem nota hleðsluaðstöðuna

Upphæð styrks sem sótt er um²: **1.170.713**

Upphaf verks: **6/26/20**

Áætluð verklok³: **7/31/20**

Fylgigögn með umsókn

Eftirfarandi gögn skulu fylgja umsókn:

- Kostnaðaráætlun
- Tilboð verktaka
- Samþykki húsfélags fyrir breyttri notkun bílastæða

Að loknu verki skal skila afriti af kvittunum fyrir öllum kostnaði sem sótt er um styrk fyrir, yfirlýsingum löggilda rafverktaka um að verki sé lokið og uppfylli allar kröfur þ.m.t. lokatilkynning til Mannvirkjastofnunar, ljósmynd af hleðslustöðvum og er þá greiddur út styrkurinn.

Gerð er krafa um að viðkomandi húsfélag reki hleðsluaðstöðuna í að minnsta þrjú ár frá uppsetningu, að öðrum kosti áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefja húsfélagið um endurgreiðslu styrksins.

² Hámarks styrkupphæð til hvers húsfélags er 1,5 m.kr, ein og hálf milljón króna, þó aldrei meira en sem nemur 67% af heildarkostnaði verksins með virðisaukaskatti. Styrkur er greiddur í samræmi við framlagða reikninga. Greidd styrkfjárhæð miðast við samþykktu umsókn húsfélags nema ef kostnaður er lægri samkvæmt framlögðum kvittunum. Miðast styrkupphæð þá við framlagðar kvittanir. Ekki greiddur styrkur fyrir virðisaukaskatt af vinnulið og hleðslustöð meðan í gildi eru reglur um niðurfellingu virðisaukaskatts eða endurgreiðslu ríkissjóðs.

³ Ljúka skal framkvæmdum innan 6 mánaða frá því umsókn er samþykkt. Sé framkvæmdum ekki lokið innan þess tíma fellur vilyrði um styrk niður og þarf að sækja um að nýju. Húsfélag getur óskað eftir lengri frest til að ljúka framkvæmdum komi ytri ástæður, s.s. veður, í veg fyrir að hægt sé að ljúka verkinu á tilskyldum tíma.

VINNUSKÝRSLA

DAGSETNING : 12. Júní 2020

UNNIÐ FYRIR:

Fálkagata 15,húsfélag
Kt. 520789-1549
Fálkagötu 15
107 Reykjavík


Tengiliður : Grétar Áss Sigurðsson

Á löglega boðuðum fundi Húsfélags Fálkagata 15,húsfélag sem haldin var 10. Júní 2020 var samþykkt að koma upp hleðslulausn á sameiginlegu bílastæði blokkarinnar sbr. Tilboð frá fyrirtækinu Ísorku fyrir umsókn í styrk til Reykjavíkurborgar.

Tilboð sem var samþykkt:

1.756.071 kr. m/vsk.

Uppsetning hleðslukerfis innifalið Jarðverktaki, Rafverktaki, efniskostnaður og 2 hleðslutenglar.


Grétar Áss Sigurðsson
F.h. Fálkagata 15,húsfélag (5207891549)

Mynd sem sýnir áætlun fyrir uppsetningu hleðslustæða



Húsfundur húsfélagsins Fálkagötu 15

10. júní 2020

Mætt: Halldóra (íbúð á 3. hæð t.h.), Bryndís (íbúð á 1. hæð t.v.), Ragnar (íbúð á 3. hæð fyrir miðju), Kristján (íbúð á 3. hæð t. v.), Þórarinn (fulltrúi íbúa á 2. hæð t.h.), Silla (íbúð á 2.h, fyrir miðju) Ragnhildur (íbúð á 1. hæð t.h.).

Varðandi hleðslustöðvar: Grétar Áss Sigurðsson, eigandi að íbúð á 1. hæð t.v., fékk fulltrúa frá Ísorku til að skoða aðstæður og gera tilboð fyrir hleðslustöðvar. Heildarkostnaður við uppsetningu hleðslukerfis er 1.756.071 kr. (innifalið: jarðverktaki, rafverktaki, efniskostnaður og 2 hleðslutenglar). Kostnaður við hvern tengipunkt er 1.990 kr. á mánuði. Ísorka rukkar einstaklinga fyrir notkun eftir hleðslulyklum. Reykjavíkurborg styrkir núna 2/3 af kostnaði við uppsetningu, eða 1.170.713 kr. og Ísorka sækir um styrkinn fyrir húsfélagið. Allar nánari upplýsingar eru í tölvupósti og fylgiskjölum frá Ísorku sem Grétar sendi okkur.


Samþykkt er að fá Ísorku til að setja upp hleðslustöðvar.

Grétar Áss Sigurðsson
Ragnhildur Guðmundsdóttir, kt. 230775 - 5169
Audur Ólafsdóttir
Halldóra Asgeirsdóttir, kt. 010256 - 4379
Jón A Asgeirsson
Lyndi Síði 250872 - 4889
Stein Þórvorsson 260347 - 4389

TILBOD FYRIR FÁLKAGÖTU 15

1.756.071 kr. m/vsk.


2 x ICU Alfen Mini hleðslustöðvar uppkomnar og klárt fyrir 2 til viðbótar.



GRUNNUR

Jarðverktaki
Rafverktaki efni + vinnna
Frágangur og tenging v/stöð


1.130.071 kr.
m/vsk.



HLEÐSLUSTÖÐ

ICU Alfen Mini
m/ staur
Tilboð

313.000 kr. stk
m/vsk.



PJÓNUSTA

Mánaðargjald
Tenging við ísorku
Verð miðast við 1 tengipunkt

1.990 kr.
með vsk. per tengipunkt



Samtals

1.990 kr.
með vsk. per tengipunkt

sorka rekur staðstaðanet á Íslandi í dag. Dæmi sem um aðila sem nýta sér hleðslustöðvar ísorku eru Reykjavíkurborgar, Hafnarfjarðarbær, Mosfellsbær, Orkustofnun, Olís, Landsvirkjun, Norðurorka, Isavia, Íslandsbanki og EIK fasteignafélag. Í hverju nánuði bætast við fleiri stöðvar eingendur og með því stækkar hleðslunet Íslendinga.



Fwd: Fálkagata 15 Umsókn um styrk til uppsetningar á hleðslubúnaði fyrir rafbíla við fjöleignarhús
Bréf
Málsnúmer: USK2020050007
Bréfalyklar: 5.27 Rafhleðslustöðvar
Eigandi skjals: Guðmundur B. Friðriksson
Staða: Í vinnslu
Dagsetningar:
Búið til: 01.09.2020
Dagsetning skjals: 17.08.2020

Upplýsingar um viðskiptavin:
Netfang: "Grétar Sigurðsson"
<gretarasssigurdsson@gmail.com>

Skjalalykill Móttökudags.	5.27 Rafhleðslustöðvar 17.08.2020	Málsnúmer Skráð í GoPro	USK2020050007 01.09.2020
------------------------------	--------------------------------------	----------------------------	-----------------------------

Tegund skjals Efnisorð	Bréf	Fyrir Borgarráð
---------------------------	------	-----------------

Sent: Sent til:

Notandi: "Grétar Sigurðsson" <gretarasssigurdsson@gmail.com>

Dagsetning: 17.8.2020 16:03:29

Til: "Rafbílar" <rafbilar@reykjavik.is>

Efni: Fwd: Fálkagata 15 Umsókn um styrk til uppsetningar á hleðslubúnaði fyrir rafbíla við fjöleignarhús

Sæl/Sæll

Sendi inn umsókn vegna styrks fyrir hleðslustöðvum á Fálkagötu 15. Það þurfti samt víst eitthvað að lagfæra kostnað vegna breytinga á VSK.

Er hérna að áframsenda póst frá Sigurði hjá Ísorku. Dugar þetta eða þarf ég að senda inn nýja umsókn?

Kær kveðja

Grétar Sigurðsson

----- Forwarded message -----

From: **Sigurður Ástgeirsson** <siggi@isorka.is>

Date: Fri, Aug 14, 2020 at 9:44 AM

Subject: RE: Fálkagata 15 Umsókn um styrk til uppsetningar á hleðslubúnaði fyrir rafbíla við fjöleignarhús

To: Grétar Sigurðsson <gretarasssigurdsson@gmail.com>

Sæll

Átti samtal við Guðmund áðan vegna málsins

Villa var í sundurliðun.

Sundurliðun er svona:

Það sem er endurgreitt af VSK:

- Hleðslustöðvar
- Vinna

Hleðslustöðvar = $285.900 \times 2 = 571.800$ Kr.

Vinna Rafvirkja og jarðvinna = 800.071

Samtals 1.371.871 Kr.

Eftir VSK endurgreiðslu = 1.106.348 Kr.

Það sem er ekki endurgreitt er:

- Efni
- Staurar

Staurar = $27.100 \times 2 = 54.200$ Kr.

Efni = 330.000 Kr.

Samtals = 384.200 Kr.

Samtals 1.756.701 Kr.

Samtals eftir VSK endurgreiðslu / $1.106.348 + 384.200 = 1.490.548$ Kr.

Endilega hringdu í mig í síma 8405769

Kv.

siggi

From: Grétar Sigurðsson <gretarasssigurdsson@gmail.com>
Sent: Thursday, July 23, 2020 12:21 PM
To: Sigurður Ástgeirsson <siggi@isorka.is>
Subject: Re: Fálkagata 15 Umsókn um styrk til uppsetningar á hleðslubúnaði fyrir rafbíla við fjöleignarhús

Sæll

Guðmundur nefnir samt í póstinum að hann þurfí uppfærða kostnaðaráætlun vegna framsetningu á vsk.

Kær kveðja

Grétar

On Thu, Jul 23, 2020 at 11:52 AM Sigurður Ástgeirsson <siggi@isorka.is> wrote:

Sæll

Vissi ekki að boltinn væri hjá mér.

RVK sér um að reikna þetta.

Kv.

siggi

From: Grétar Sigurðsson <gretarasssigurdsson@gmail.com>
Sent: Thursday, July 23, 2020 8:03 AM

To: Sigurður Ástgeirsson <siggi@isorka.is>

Subject: Re: Fálkagata 15 Umsókn um styrk til uppsetningar á hleðslubúnaði fyrir rafbíla við fjöleignarhús

Sæll

Er einhver framvinda með mál og kostnaðaráætlun?

kær kveðja

Grétar

On Mon, Jul 13, 2020 at 10:08 AM Sigurður Ástgeirsson <siggi@isorka.is> wrote:

Sæll

Í raun hækkar þetta ekki verðið.

Þetta þýðir að þeir veita ekki styrk fyrir þeim kostnaði sem þið fáið VSK endurgreiddan af. Það er, ekki fyrir Vaskinum, en þið fáið það sem er án VSK.

Stuttu máli.

Þið þurfið að leggja út fyrir VSK og fáið hann síðan greiddan til baka að fullu.

VSK er greiddur til baka vegna hleðslustöðvar og vinnu, ekki efni.

Efni er:

- Raflagnir
- Staurar
- Rör

Kv.

siggi

From: Grétar Sigurðsson <gretarasssigurdsson@gmail.com>
Sent: Monday, July 13, 2020 7:37 AM
To: Sigurður Ástgeirsson <siggi@isorka.is>
Subject: Fwd: Fálkagata 15 Umsókn um styrk til uppsetningar á hleðslubúnaði fyrir rafbíla við fjöleignarhús

Sæll

Hvaða áhrif mun þetta hafa á kostnað fyrir húsfélagið? Þar sem ef þetta hækkar í verði geri ég ráð fyrir að það þurfí aftur að kjósa um hvort fari eigi í framkvæmdir

kær kveðja

Grétar Sigurðsson

----- Forwarded message -----

From: Rafbilar <rafbilar@reykjavik.is>
Date: Fri, Jul 10, 2020 at 1:03 PM
Subject: SV: Fálkagata 15 Umsókn um styrk til uppsetningar á hleðslubúnaði fyrir rafbíla við fjöleignarhús
To: Grétar Sigurðsson <gretarasssigurdsson@gmail.com>
Cc: Þórólfur Jónsson <thorolfur.jonsson@reykjavik.is>, Sigurður Ástgeirsson <siggi@isorka.is>

Sæll Grétar

Afsakaðu biðina eftir svari. Hef móttekið umsókn ykkar. Skv. úthlutunarreglum styrktarsjóðsins þarf umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkur að samþykkja styrkveitingu. Ráðið er hins vegar í sumarfríi og næsti fundur fyrirhugaður 19. ágúst nk. Ef öll umsóknargöggn eru í lagi ætti formaður ráðsins hins vegar að geta gefið okkur svör um hvort þetta renni ekki smurt gegnum afgreiðslu hjá ráðinu í ágúst og þið þannig séð hafist handa. Ég renndi yfir gögnin sem fylgdu póstinum frá þér. Áður en ég heyri í formanni þarf ég að fá frá ykkur uppfærða kostnaðaráætlun þar sem vinna er aðskilin frá efniskostnaði undir liðnum grunnur. Styrkur er ekki greiddur af virðisauka sé hann endurgreiddur hjá ríkinu en skv. Allir vinna átakinu er vsk.

endurgreiddur af vinnu við uppsetningu hleðslustöðva. Virðisaukaskattur er einnig felldur niður af hleðslustöðvum. Vinna við uppsetningu og kostnaður við hleðslustöðvar þarf því að vera án vsk. þegar styrkupphæð er reiknuð.

Ég set Sigga hjá Ísorku í cc. hann þekkir þetta og ætti að gera sent ykkur uppfærða kostnaðaráætlun. Sjálfur er ég að fara í orlof eftir daginn í dag en staðengill minn Þórólfur Jónsson mun fylgja þessu eftir. Set hann líka í cc.

Kveðja,

Guðmundur

Guðmundur B. Friðriksson, skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Skrifstofa umhverfisgæða
Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík
Sími: 411 8700 / 693 9600
Netfang: gbf@rvk.is
www.reykjavik.is

Frá: Grétar Sigurðsson <gretarasssigurdsson@gmail.com>
Sent: mánudagur, 22. júní 2020 00:12
Til: Rafbílar <rafbilar@reykjavik.is>
Efni: Fálkagata 15 Umsókn um styrk til uppsetningar á hleðslubúnaði fyrir rafbíla við fjöleignarhús

Sæl/Sæll

Hérna er umsókn um styrk fyrir rafhleðslustöð fyrir fjölbýli Fálkagötu 15.

Kær kveðja fyrir hönd húsfélags

Grétar Sigurðsson

Sími 8237910



- Fálkagata 15_samantekt.PNG



RE: Fwd: Fálkagata 15 Umsókn um styrk til uppsetningar á hleðslubúnaði fyrir rafbíla við fjöleignarhús
Bréf
Málsnúmer: USK2020050007
Bréfalyklar: 5.27 Rafhleðslustöðvar
Eigandi skjals: Guðmundur B. Friðriksson
Staða: Í vinnslu
Dagsetningar:
Búið til: 01.09.2020
Dagsetning skjals: 01.09.2020

Upplýsingar um viðskiptavin:
Netfang: "Jakob Sigurður Friðriksson"
<jakob.sigurdur.fridriksson@or.is>

Skjalalykill Móttökudags.	5.27 Rafhleðslustöðvar 01.09.2020	Málsnúmer Skráð í GoPro	USK2020050007 01.09.2020
------------------------------	--------------------------------------	----------------------------	-----------------------------

Tegund skjals Efnisorð	Bréf	Fyrir Borgarráð
---------------------------	------	-----------------

Sent: Sent til:

Notandi: "Jakob Sigurður Friðriksson" <jakob.sigurdur.fridriksson@or.is>

Dagsetning: 1.9.2020 09:58:21

Til: "Guðmundur Benedikt Friðriksson" <gudmundur.b.fridriksson@reykjavik.is>

Efni: RE: Fwd: Fálkagata 15 Umsókn um styrk til uppsetningar á hleðslubúnaði fyrir rafbíla við fjöleignarhús

Ok, minn misskilningur. Samþykki f.h. OR.

Kær kveðja / Best Regards,

Jakob Sigurður Friðriksson

Viðskiptaþróunarstjóri / Business Development Manager

Verkefnastofa / Project Management | Stjórnættir og stefna / Governance & Strategy

Sími / Tel: +354 516 6100 | Farsími / Mobile: +354 6177720 | Netfang / E-mail:

jakob.sigurdur.fridriksson@or.is

Orkuveita Reykjavíkur / Reykjavík Energy | www.or.is

[IMAGE]

Fyrirvari / Disclaimer: <http://www.or.is/fyrirvaridisclaimer>

From: Guðmundur Benedikt Friðriksson <gudmundur.b.fridriksson@reykjavik.is>

Sent: þriðjudagur, 1. september 2020 09:51

To: Jakob Sigurður Friðriksson <jakob.sigurdur.fridriksson@or.is>

Subject: SV: Fwd: Fálkagata 15 Umsókn um styrk til uppsetningar á hleðslubúnaði fyrir rafbíla við fjöleignarhús

Þau eru ekki búin að framkvæma eða fá umsóknina samþykkta svo það eru ekki komnir neinir reikningar, bara umsókn. Það stemmir að eini pósturinn er póstur 10. júlí sl. en svo barst sundurliðuð kostnaðaráætlun núna 17. ágúst. Sé að fylgigögn fylgdu ekki póstinum sem ég sendi 10. júlí. Skal senda þau í kjölfar þessa.

Í reglunum segir: „Ekki greiddur styrkur fyrir virðisaukaskatt af vinnulið og hleðslustöð meðan í gildi

eru reglur um niðurfellingu virðisaukaskatts eða endurgreiðslu ríkissjóðs.“ Við greiðum því styrk af vsk. á efniskostnaði sem ekki fæst endurgreiddur hjá ríkinu, í umsókn Fálkagötu 15 staurar og lagnaefni. Kannski óþarflega flókið hjá okkur.

Kveðja,

Guðmundur

Frá: Jakob Sigurður Friðriksson <jakob.sigurdur.fridriksson@or.is>

Sent: þriðjudagur, 1. september 2020 09:41

Til: Guðmundur Benedikt Friðriksson <gudmundur.b.fridriksson@reykjavik.is>

Efni: RE: Fwd: Fálkagata 15 Umsókn um styrk til uppsetningar á hleðslubúnaði fyrir rafbíla við fjöleignarhús

Sæll Guðmundur

Nú þarftu að rifja upp með mér, ég finn engin gögn um umsóknina hjá mér, og engan reikning vegna verkefnisins. Fyrsta sem ég finn um málið er tölvupóstur frá þér (rafbilar@reykjavik.is) dags. 10.07.2020.

Átti ekki skv. nýju reglunum að reikna styrkinn af heildarupphæð án vsk.? Frekar en að draga bara frá þann hluta vsk . sem er fæst endurgreiddur af ríkinu?

Kær kveðja / Best Regards,

Jakob Sigurður Friðriksson